



Stjórn SSH 482. fundur

Föstudaginn 7. febrúar 2020, kl. 08:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar.

Gestir fundarins:

Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Einar Stefánsson VSÓ – fundarliður 1.

Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir og Hrafnkell Á. Proppé – fundarliður 2.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málafni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005.

Lögð fram til kynningar útboðsgögn framkvæmda á skíðasvæðunum ásamt minnisblaði frá forstöðumanni skíðasvæðanna. Forstöðumaður skíðasvæðanna, Magnús Árnason, fór yfir helstu atriði útboðs ásamt Einari Stefánssyni frá VSÓ ráðgjöf.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Stjórn mun taka málið fyrir á ný á næsta stjórnarfundum. Verkefnahópi vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða er falið að yfirfara útboðsgögnin m.v. reynslu af sambærilegum útboðum.

Þá er framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir næsta fund stjórnar skipurit með skýringum skv. samstarfssamningi um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ásamt skipuriti er varðar framkvæmdir á skíðasvæðunum.

2. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002.

Farið yfir stöðu verkefnisins sem og undirbúnings Borgarlínu. Hrafnkell Á. Proppé og Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir frá Verkefnastofu Borgarlínu fara yfir stöðu verkefna.

Þá liggur fyrir tölvupóstur frá Sigurði Helgasyni skrifstofustjóra hjá fjármálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir fulltrúa frá SSH í óformlegan rýnihóp til að taka þátt í mótun og rýni varðandi frumvarp til laga um stofnun og fyrirkomulag félags um verkefni Samgöngusáttmála.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Farið yfir stöðu verkefna og samræmingu verkefna samgöngusáttmála og upplýsingar því tengdu.

Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri verði fulltrúi SSH í rýnihópi varðandi frumvarp til laga um stofnun og fyrirkomulag félags og bakhópur verði samninganefnd SSH og aðrir sérfræðingar sem að samgöngusáttmálanum komu.



3. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – samningar / málsnr. 1608006.

Á fundi stjórnar 4. nóvember 2019 fól stjórn samráðshópi velferðasviða að taka saman minnisblað um framkvæmd NPA samninga á höfuðborgarsvæðinu. Liggur minnisblaðið nú fyrir og hefur verið lagt fyrir fundinn.

Niðurstaða fundar:

Frestað til næsta fundar.

4. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga /málsnr. 2002003

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 17. janúar 2019 er varðar viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka og upplýsingar um stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð.

Lagt fram til kynningar:

- a) Viðmiðunarreglur um samfélagslega ábyrgð
- b) Stefna um samfélagslega ábyrgð

Niðurstaða fundar:

Frestað til næsta fundar.

5. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundur 417.

Fundargerð 417. fundar Sorpu þann 22. janúar s.l. lögð fram til kynningar.

Umræður um skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um stjórnarhætti/áætlunargerð gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Framkvæmdastjóra er falið að taka saman minnisblað er varðar vinnu stýrihóp gas- og jarðgerðarstöðvar.

6. Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Rósa Guðbjartsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson yfirgáfu fundinn. Gunnar Einarsson varaformaður tók við fundarstjórn undir þessum fundarlið.

Fyrir liggja gögn frá starfshópi um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk. Þjónustulýsing og sameiginlegar reglur er varða ferðapjónustu fyrir fatlað fólk hafa nú farið til umfjöllunar hjá sveitarfélögunum og hagsmunadílum. Eftir þá umræðu hafa verið tekin saman svör og gögn yfirfarin.

Eftirfarandi gögn liggja fyrir fundinum:

Fylgiskjal 1 Yfirferð yfir ábendingar og athugasemdir.

Fylgiskjal 2 Minnisblað, svör við ábendingum og athugasemdum.

Minnisblað vegna hugbúnaðar.

Kynning_stjorn_SSH_27_01_2020 – Trúnaðarmál vegna útboðsmála.

Drög að sameiginlegri akstursþjónustu fatlaðs fólks á hbsv. sameiginlegar reglur.

Drög að sameiginlegri akstursþjónustu fatlaðs fólks á hbsv. þjónustulýsing.

Drög að smkomulagi að sameiginlegri akstursþjónustu fatlaðs fólks á hbsv.

Drög að samningi milli Stætó og sveitarfélaga um framkvæmd akstursþjónustu.

Umræður



Niðurstaða fundar:

Samþykkt er af fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga að senda drög að sameiginlegum reglum, þjónustulýsingu, samkomulagi milli sveitarfélaganna og samning milli Strætó bs. og sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Stjórn heimilar að Strætó bs. fari í útboð á þjónustunni þegar umræða og afgreiðsla sveitarfélaganna liggur endanlega fyrir. Fram að þeim tíma verði lögð lokahönd á úboðsgögn.

Varaformaður sleit fundi kl: 11:00.